

Pagnarskylda starfsmanna Landspítala

Almennt hvílir sú skylda á starfsmanni samkvæmt íslenskum rétti að gæta þagmælsku um allt það sem hann verður áskynja í starfi sínu og ætla má að skaði vinnuveitanda ef spyrst út.

Um opinbera starfsmenn gilda ríkari kröfur um þagnarskyldu, sbr. lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Þeim ber að gæta þagmælsku um þau atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt eiga að fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanna eða eðli málsins. Sérstakt ákvæði er jafnframt að finna í 139. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, um viðurlög við brotum opinberra starfsmanna á þagnarskyldu sinni.

Í lögum um starfsréttindi heilbrigðisstétta og lögum um réttindi sjúklinga eru ákvæði um þagnarskyldu. Getur það varðað heilbrigðisstarfsmenn missi starfsréttinda að brjóta gegn ákvæðum um þagnarskyldu í starfi. Brot starfsmanna á þagnarskyldu getur eftir atvikum leitt til uppsagnar eða brottreksturs úr starfi.

Þagnarskylda starfsmanna Landspítala nær til allrar vitneskju um sjúklinga, sjúkdóm þeirra, meðferð og einkamál og helst hún þó að sjúklingur andist. Þagnarskylda starfsmanna helst eftir að látið er af starfi.

Ég heiti því að virða þagnarskyldu þá sem lýst er hér að framan.

Reykjavík, ____ / ____ 20____

Undirskrift og kennitala starfsmanns